

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1080  
komudagur 5.4.2002

**Efni: Umsögn um þingmál 29. Þskj. 29 á 127. löggjafarþingi.**

Félag forstöðumanna ríkisstofnana hefur borist til umsagnar frá Allsherjarnefnd Alþingis 29. mál, Tillaga til þingsályktunar um siðareglur í stjórnsýslunni. Af því tilefni veitir félagið svohljóðandi umsögn við áðurgreindri þingsályktun.

Á síðustu mánuðum hafa nokkrar umræður orðið opinberlega hvort ekki sé ástæða til að settar verði formlegar siðareglur til nota í stjórnsýslunni. Slík sjónarmið hafa m.a. komið frá Ríkisendurskoðun.

Félag forstöðumanna ríkisstofnana telur að full ástæða sé til að setja slíkar siðareglur. Myndu þær koma til fyllingar gildandi lagaákvæðum sem stjórnsýslan býr við nú þegar, svo sem lögum um upplýsingamál, lögum um stjórnsýslu auk fleiri laga, eins og getið er um í greinargerð með fyrirbyggjandi þingsályktun. Álitamál er hins vegar hvernig slíkar siðareglur skuli settar, hvort að einstakir aðilar stjórnsýslunnar skuli gera það, ráðuneyti setji stofnunum sínum siðareglur eða jafnvel að Ríkisstjórn hefði frumkvæði að slíkri reglusetningu. Einnig má benda á að siðareglur einstakra stétta, svo sem lögmanna, lækna og löggiltra endurskoðenda, svo einhverjar séu nefndar, eru settar af viðkomandi stéttum.

Stjórn FFR telur að það sé eðlilegt að forstöðumenn ríkisstofnana búi við siðareglur af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir. Með vísan til þess sem að ofan er rakið telur stjórnin það þó vera líklegast til árangurs að slíkar reglur séu settar af starfandi forstöðumönnum í samráði við viðkomandi fagráðuneyti og eftir atvikum fjármála-ráðuneyti og Ríkisendurskoðun.

Stjórn félagsins hefur ákveðið að beita sér fyrir forstöðumenn ríkisstofnana muni í framtíðinni búa við sérstakar siðareglur sem þeir hafa sjálfir sett sér og hefur í því skyni falið ritara stjórnarinnar að gera frumdrög að slíkum reglum. Er þeim m.a. ætlað að taka tillit til reglna sem OECD hefur sett vegna þessa. Stjórnin mun því næst ganga frá tillögu sinni þar að lútandi og bera málið síðan upp á félagsfundi. Er reiknað með að þetta viðfangsefni geti jafnvel orðið meginefni aðalfundar félagsins sem haldinn verður um miðjan maí.

Virðingarfyllst,  
f.h. félagsstjórnar

  
Magnús Jónsson form.